

Mál nr. 9/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um umfang tjóns á húftryggðri bifreið eftir umferðaróhapp þann
28.2.2010.

Gögn.

5. Málskot, móttækið 13.1.2011, ásamt fylgigögnum.
6. Bréf X, dags 26.1.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A í eigu M var ekið út af vegi við brú yfir Leirá í Leirársveit. Kveður M að A hafi fengið mikið högg og m.a. hafi þanna rifnað undan henni. Daginn eftir, þegar A var gangsett, hafi mikil óhljóð komið frá vél. Strax var drepíð á vélinni og hún flutt á verkstæði. A var húftryggð hjá váttryggingafélaginu X og fyrir tilstilli þess var A send á verkstæði B, sem hefur umboð fyrir bifreiðir af sömu tegund og A. Þar var vél bifreiðarinnar skoðuð. Í athugasemd bifreiðavirkja sem skoðaði A segir m.a.: „Byrjað á að snúa vél og var hún smá stíf að snúa. Og var hún rétt á tíma að framan. Bíll þjöppumældur og var hann ekki að þjappa neitt h.m. en smá v.m. Ventlalokin rifin af og skoðað, þar kom í ljós að keðjustrekkjari h.m. var alveg genginn út og þar af leiðandi vitlaus á tíma þar. Mikil drulla er í heddinu og ventlalokinu og bendir allt til þess að það hafi verið trassað að skipta um olíu á vél.“ Eftir skoðun virðist sem A hafi verið komið fyrir í geymslu hjá D.

M hefur krafist bóta úr húftryggingunni vegna tjóns á A, þ. á m. vegna skemmda í vél. Einnig er krafist greiðslu kostnaðar vegna geymslu A hjá D. X hefur viðurkennt bótaskyldu að undanskildu tjóni á vél. Við þá ákvörðun kveðst X styðjast við ástand vélarinnar eftir tjónið. Einnig hafnar X greiðslu á geymslukostnaði, enda hafi félagið ekki haft afskipti af því þegar A var komið fyrir í geymslu hjá A.

Álit.

Af gögnum málsins, þ. á m. framangreindri skoðunarskýrslu bifvélavirkja hjá B, hefur ekki verið sýnt fram á að vél A hafi skemmst í umferðaróhappinu þann 28.2.2010. Engar matsgerðir, svo sem mat dómkvadds matsmanns, eru fyrir hendi sem sýna fram á að skemmdir í vélinni megi rekja til umferðaróhappsins. Að svo vöxnu telst tjón á vél ekki bótaskyld úr húftryggingunni.

Ekki verður séð af gögnum málsins að umdeildan geymslukostnað beri að bæta úr húftryggingunni. Er krafa þessi vanreifuð og ber að vísa henni frá nefndinni, sbr. e. lið 4. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Tjón á vél A bætist ekki. Kröfu um greiðslu geymslukostnaðar er vísað frá.

Reykjavík, 15. febrúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.